Náttúrufræðistofnun

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Sigurður Ásbjörnsson

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. október 2026

Málsnúmer: 202609-0025

IAS

Efni: Efnistaka í Eyrarbakkafjöru – náma E2. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 11. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldu efnistöku í Eyrarbakkafjöru.

„Undanfarin ár hefur efnistaka farið fram á tveimur stöðum í Eyrarbakkafjöru, austan við Óseyrarbrú. Aðeins vestari náman er á aðalskipulagi, en unnið er að breytingu á aðalskipulagi þar sem efnistöku svæðið E2 nær yfir báðar námurnar. Aðalskipulag Árborgar 2020-2036 heimilar allt að 160 þús. m^3 efnistöku úr námu E2 og er efnistökusvæðið allt að 4 ha. Aðkoma að námunum er af Eyrarbakkavegi, skammt austan Óseyrarbrúar."

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Efnistökusvæðið er innan svæðis 750 á C-hluta náttúruminjaskrár „Fjörur við Stokkseyri og Eyrarbakka" og tveggja svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjakrár. Það eru svæðin „Ölfusforir-Ölfusárós", sem er tilnefnt vegna vistgerða á landi, og „Stokkseyri-Eyrarbakki" sem er tilnefnt vegna vistgerða, fugla og sela. Þar er tilnefningin vegna vistgerðanna klóþangsfjörur og fjörupollar, vegna landsels og fugla. Efnistökusvæðið innan mikilvæga fuglasvæðisins: „Suðurlandsundirlendi."

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnuna eru vistgerðirnar sandstrandarvist og strandmelhólavist, sem báðar hafa lágt verndargildi, ríkjandi á námusvæðinu. Æðarfuglar, kríur og máfar eru líklegar fuglategundir sem nýta sendna fjöruna sem setstað en fuglalíf í fjörunni er mun meira austan við sandfangarann sem er rétt austan við eystri hluta námunnar. Efnistakan getur haft einhver truflandi áhrif á fuglalíf og seli á meðan á henni stendur en ólíklegt er að þau verði mikil.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er nægjanlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og ekki er þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000